

Hefði slík starfsemi hingað til verið látin afskiptalaus af trésmiðum og þeir ekki fengizt til að sinna henni. Reynslan hefði sýnt, að ísetning rúða færi fram í framhaldi af sölu glersins. Þá var á það bent af hálfu ákærða, að ísetning á rúðum í nýjum húsum tilheyrði húsmiði, en við það hefði ákærði ekki fengizt, heldur aðeins að setja rúður í glugga, þar sem rúða hefði áður verið fyrir. Á þessa skoðun verður ekki fallizt. Starfsemi ákærða er viðgerð á húsum og því einn liður í iðngrein húsmiða. Þykir ákærði samkvæmt því hafa gerzt brotlegur gegn 2. mgr. 2. gr. laga nr. 105/1936, sbr. lög nr. 18 1927 um iðnað og iðju. Með hliðsjón af því, að um ítrekað brot er að ræða, þykir refsing hans hæfilega ákveðin 500 kr. sekt, er renni til ríkissjóðs, og komi 5 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Þorvalds Þórarinssonar hdl., kr. 600.00.

Dómsorð:

Ákærði, Ingimundur Bjarnason, greiði 500.00 kr. sekt til ríkissjóðs og komi 5 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Þorvalds Þórarinssonar hdl., kr. 600.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 13. nóvember 1953.

Nr. 31/1952. **Hallgrímur Jónsson og Albert Tómasson**

(Magnús Thorlacius)

gegn

Sigurði Magnússyni (Sveinbjörn Jónsson)

og gagnsök.

Dómendur:

Hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson, Þórður Eyjólfsson og próf. Ólafur Jóhannesson.

Skadabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. febrúar 1952 og gert eftirtaldar kröfur:

Aðalkrafa: Að þeim verði dæmd sýkna og gagnáfrýjanda dæmt að greiða þeim málskostnað í þessum þætti málsins bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Fyrri varakrafa: Að þeim verði dæmd ábyrgð á tjóni því, sem í málinu greinir, í lægra hlutfalli en í héraðsdómi, hvor aðilja verði látinn bera sinn málskostnað í héraði, en gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað í Hæstarétti eftir mati dómsins.

Síðari varakrafa: Að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og gagnáfrýjanda dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 5. marz 1952 og krefst þess, að aðaláfrýjendum verði in solidum dæmt að bæta fé allt tjón af slysi því, sem í málinu greinir, svo og að greiða málskostnað í þessum þætti málsins bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjendur hafa gengizt við eigenda- og umráðenda-ábyrgð á flugvélinni á þeim tíma, er slys það varð, sem í málinu greinir.

Flugmaðurinn lét hreyfil flugvélarinnar vera í gangi, meðan hann gerði tilraun til að ýta henni upp á brautina og gætti þess ekki að stöðva hann, er gagnáfrýjandi, sem var ungur og óvanur flugi, fór úr flugvélinni. Varð slysið síðan, er gagnáfrýjandi gekk meðfram vélinni. Verða aðaláfrýjendur því að bera ábyrgð á slysinu, en taka ber hins vegar tillit til, að gagnáfrýjandi viðhafði ekki þá varúð, sem af honum mátti krefjast, er hann gekk meðfram vélinni. Að öllum aðstæðum athuguðum þykir rétt, að aðaláfrýjendur bæti gagnáfrýjanda in solidum fé $\frac{3}{5}$ hlutum þess tjóns, sem hann beið af flugslysinu.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að aðaláfrýjendur greiði in solidum gagnáfrýjanda kr. 4000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti í þessum þætti málsins.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Hallgrímur Jónsson og Albert Tómasson, eiga að bæta gagnáfrýjanda, Sigurði Magnússyni,

in solidum fé $\frac{3}{5}$ hluta þess tjóns, sem hann beið af flugslysi 11. ágúst 1948.

Aðaláfrýjendur greiði in solidum gagnáfrýjanda kr. 4000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. febrúar 1952.

Mál þetta, er dómtekið var 6. þ. m., hefur Magnús Jónasson verkaður, hér í bæ, fyrir ófjárráða son sinn, Sigurð, höfðað á bæjarþinginu með stefnu útgefinni 21. marz 1950 gegn Hallgrími Jónssyni flugmanni, Guðrúnargötu 5, og Albert Tómassyni flugmanni, Tómasarhaga við Laugarásveg, hér í bænum, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 22 710.80 með 6% ársvöxtum frá 11. ágúst 1948 til greiðsludags og málskostnaðar.

Að ósk lögmannna aðilja og með samþykki dómarsins er málinu skipt og er nú eingöngu dæmt um skaðabótaskylduna.

Eru dómkröfur stefnanda í þessum hluta málsins, að stefndu verði in solidum dæmt skylt að bæta með fé tjón það, er stefnandi hlaut 11. ágúst 1948, svo og að þeim verði in solidum gert að greiða stefnanda málskostnað.

Stefndu hafa *aðallega* krafizt sýknu og málskostnaðar, en *til vara* að sök á tjóninu verði skipt og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Hlutafélaginu Trolle & Rothe hefur verið stefnt til réttargæzlu í máli þessu, en engar kröfur hafa verið gerðar á hendur því og það hefur ekki haft uppi kröfur.

Málavextir eru þessir:

Hinn 11. ágúst 1948 var Garðar Sigurðsson flugmaður staddur á Keflavíkurflugvelli í flugvél, sem stefndu í máli þessu eiga, og hann hafði fengið leigða. Flugvél þessi er litil tveggja sæta, af gerðinni Austers og með einkennisstöfunum TF—FOX. Þá bar þar að stefnanda, sem var starfsmaður á flugvellingum, og varð að samkomulagi með þeim, að hann fengi að sitja um stund í vélinni, meðan hún væri á flugi, gegn því að hann greiddi gjald það, sem stefndu tóku fyrir leigu á vélinni, en það var kr. 130.00 á klukkustund. Settist stefnandi síðan í flugvélinu við hlið flugmannsins og flugu þeir nokkra stund yfir flugvellingum. Að því loknu lenti flugmaðurinn vélinni á braut 34, en þar eð annari vél var lent rétt á eftir, var honum gefið merki frá stjórnturni flugvallarins að aka vélinni út á braut 07. Ók hann síðan þá braut á enda og sveigði þá til hægri inn á ökubraut þá, er liggur að farþegastöðinni. Rétt áður en flugmaðurinn kom að braut 30, nam hann staðar til þess að bíða eftir flugvél af gerðinni DC 4, sem ekið var frá farþegastöðinni út á braut 30 og 200—300 metra eftir henni,

en stöðvuð þar. Þessu næst ók flugmaðurinn vél sinni yfir braut 30, en rétt þegar vélin var að komast yfir brautarendann, var snúningshraði hreyflanna á vélinni DC 4 aukinn. Myndaðist við það sterkur loftstraumur aftur af hreyflunum, sem lenti á flugvél stefndu með þeim afleiðingum, að hún sveigði til hægri og rann með framhjólin út af brautinni. Er svo var komið, kveðst flugmaðurinn hafa stigið út úr vélinni í því skyni að reyna að toga hana með handafli upp á brautina aftur. Um leið og hann steig út úr vélinni, kveðst hann hafa beðið stefnanda að sitja kyrran í sæti sínu. Flugmaðurinn lét hreyfil vélarinnar vera í gangi, en stóð þannig við hana, að hann gat bæði stillt benzín-gjafa hreyfilsins auðveldlega og eins stöðvað hann, ef með þyrfti. Kveðst hann síðan hafa rykkst í vélina, þannig að hún hafi færzt til að aftan, en í sama bili hafi hann orðið var við, að stefnandi stökk úr sæti sínu hinumegin og séð hann augnabliki síðar falla til jarðar fyrir framan vélina. Flugmaðurinn kveðst strax hafa stöðvað hreyfilinn og gengið til stefnanda, er virzt hafi rænulítill, en síðan kallað á hjálp og var stefnandi þá fluttur í sjúkrahús flugvallarins. Við athugun kom í ljós, að skrúfuspaðar vélarinnar höfðu lent á höfði stefnanda og fékk hann nokkurn áverka af. Stefnandi skýrir sjálfur svo frá, að hann hafi ekki heyrt flugmanninn segja neitt við sig, er hann hafi farið út úr vélinni. Kveðst hann ekki hafa séð, hvað flugmaðurinn fór að gera, en bjóst við, að hann ætlaði að reyna að koma vélinni aftur upp á brautina. Kveðst hann hafa kallað út til flugmannsins, hvort hann ætti ekki að koma út og hjálpa honum og hafi flugmaðurinn játað því. Kveðst stefnandi þá hafa farið út úr vélinni hægra megin og reynt að toga vélina aftur á bak, en þá hafi flugmaðurinn kallað og beðið hann að koma til sín, en hvorki nefnt, hvaða leið hann skyldi fara né tekið honum vara fyrir nokkrum hættum. Kveður stefnandi sér fyrst hafa dottið í hug að ganga aftur fyrir vélina, en hætt við það, án þess að gera sér grein fyrir hvers vegna. Afréð hann þá að ganga fram fyrir vélina og kveðst hafa gengið undir hægri vænginn utarlega og stefnt síðan utan við skrúfuspaðana, sem ekki hafi snúizt hraðar en svo, að þeir hafi sézt greinilega. Kveðst stefnandi hafa stefnt langt utan við spaðan, en ekkert muna hvað gerzt hafi frá því er hann gekk undir vænginn og þar til daginn eftir, að hann vissi af sér á sjúkrahúsinu. Telur stefnandi, að stefndu sem eigendur vélarinnar beri ábyrgð á tjóni því, er hann hafi hlotið af slysi þessu, og eru dómkröfur hans miðaðar við það.

Sýknukröfu sína byggja stefndu á því, að stefnandi eigi einn alla sök á slysi þessu. Hann hafi, þrátt fyrir aðvörun flugmannsins, farið út úr vélinni og verði honum því einum kennt um, hvernig fór.

Ólafur Þórir Guðjónsson, sem var starfsmaður í stjórnturni flugvallarins, hefur borið fyrir dómi, að stefnandi hafi gengið fram fyrir flugvélina og þegar hann hafi verið kominn vinstra megin við hana, hafi spaðarnir rekizt í hann. Þessi framburður vitnisins virðist vera í

ósamræmi bæði við framburð stefnanda og flugmannsins um þetta atriði og verður ekki upp úr honum lagt. Hins vegar kveðst vitni þetta ekki minnast þess, að flugvélin hafi hreyfzt eftir að stefnandi sté út úr henni og það telur ekki, að snúningshraði spaðanna hafi verið það mikill, að orsakað hafi hreyfingu á henni. Flugmaðurinn telur, að flugvélin hafi ekkert hreyfzt eftir að stefnandi fór úr sæti sínu og hafi snúnings spaðanna ekkert gætt heldur í því efni. Að þessu athuguðu þykir ekki unnt að telja, að hreyfing á flugvélinni hafi orsakað slysið.

Eins og fyrr getur, kveðst flugmaðurinn hafa beðið stefnanda að vera kyrran í sæti sínu, en stefnandi kveðst ekki hafa heyrt hann segja neitt við sig. Hins vegar kveður stefnandi flugmanninn hafa játað því, að hann kæmi út honum til hjálpar, en því hefur flugmaðurinn aftur á móti neitað. Hefur ekkert frekara komið fram um þessi atriði. Telja verður að stefnandi, sem ekki hafði fyrr komið upp í flugvél, hafi, með því að fara út úr henni að þarflausu og ganga fram fyrir hana, þótt hann sæi að hreyfill hennar væri í gangi, sýnt slíka óvarkárni, að hann eigi meginsök á slysinu.

Þegar flugmaðurinn fór út úr vélinni til þess að flytja hana til, bar honum að stöðva hreyfilinn eða sjá um, að stefnandi yfirgæfi vélina örugglega. Þetta gerði flugmaðurinn ekki og ekki er sannað, að hann hafi gefið stefnanda ótvíræð fyrirmæli um að halda sig kyrran í vélinni, meðan hann væri í burtu. Þykir flugmaðurinn því vera meðvaldur að slysinu. Þykir hæfilegt að skipta sökinni þannig, að stefnandi beri $\frac{2}{3}$, en flugmaðurinn $\frac{1}{3}$.

Þess er áður getið, að flugmaðurinn hafði vélina á leigu og greiddi stefndu kr. 130.00 í leigugjald fyrir hverja klukkustund, sem flugvélin var á lofti. Hins vegar verður ekki annað séð af skjölum málsins, en að leigan hafi einungis náð til þessarar einstöku ferðar vélarinnar. Stefndu hafa ekki andmælt bótaskyldu sinni sem eigendur vélarinnar, ef um vangæzlu væri að tefla hjá flugmanninum, og þar sem svo stóð á um leigu hennar til flugmannsins, sem að framan greinir, verður að telja, að þeir beri fébótaábyrgð á tjóni því, er stefnandi hlaut af völdum aðgæzluleysis flugmanns vélarinnar.

Úrslit máls þessa verða því þau, að stefndu teljast bera fébótaábyrgð að $\frac{1}{3}$ in solidum á tjóni því, er stefnandi varð fyrir af umræddu slysi.

Eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður í þessum hluta málsins.

Jón Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn. Hefur dóms- uppsaga dregizt um venju fram sökum anna dómara.

Dómsorð:

Stefndu, Hallgrímur Jónsson og Albert Tómasson, bera in solidum fébótaábyrgð að $\frac{1}{3}$ hluta á tjóni því, er stefnandi, Sigurður Magnússon, hlaut 11. ágúst 1948.

Málskostnaður fellur niður.